



Halla Tómasdóttir og Kristín Pétursdóttir, eigendur Auðs Capital sem sérhæfir sig í fjármálaþjónustu fyrir konur.

VBMVND/BIG

**Viðskipti** Auður mun bjóða upp á fjármálaþjónustu þar sem konur verða í forgrunni.

# Sérhæfir sig í fjármálaþjónustu fyrir konur

Auður Capital er nýtt fjármálafyrirtæki í eigu Höllu Tómasdóttur og Kristínar Pétursdóttur.

AUÐBJÖRG ÓLAFSDÓTTIR  
audbjorg@vb.is

„Við höfum sótt um starfsleyfi til Fjármálaeftirlitsins og munum hefja störf núna fljótlega eftir áramót,“ segir Halla. Undirbúningur starfseminnar hefur staðið yfir síðan í sumar en við höfum gengið frá ráðningu átta manna lykilteymis. Auður er að meiri-

hluta í eigu okkar Höllu og lykilstarfsmanna. Í eigendahópnum eru einnig vel valdir lykilstarfsstarfsmenn og lítill hluti mun verða í dreifðri eignaraðild,“ segir Kristín.

„Við erum óháð félag í eigu öflugra kvenna sem koma úr ólíkum áttum íslensks viðskiptalífs. Auk okkar eru þær Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, Hildur Petersen, Katrín Pétursdóttir, Kristín Jóhannesdóttir og Svafa Grönfeldt hluthafar í Auði. Enn sem komið eru allir starfsmenn Auðs konur en engan þarf að undra að kvenlegar áherslur séu á fyrirtækinu

sem er fyrsta fjármálafyrirtæki á Íslandi sem er stofnað af konum. „Auður er fjármálafyrirtæki sem sér viðskiptatækifæri í vaxandi auð kvenna og í því að beina ákveðinni fjármálaþjónustu til kvenna,“ segir Halla.

Auður Capital mun bjóða upp á hefðbundna fjármálaþjónustu, fyrirtækjaráðgjöf og eignastýringu auk þess að starfrækja fagfjárfestasjóð. Fagfjárfestasjóðurinn verður flaggskip Auðs en stefnt er að því að sjóðurinn verði nokkrir milljarðar að stærð.

» 10-11

Viðskiptablaðið

Tuesday, 16 October 2007, p. 1





Halla og Kristín segja að viðskiptatækifæri Auður felist í að virkja þennan auð kvenna betur en nú er verið að gera og telja að fjárfestingastarfsemi og tengd þjónusta sé lykillinn að því að leysa úr læðingi þann kraft sem leynist í mann- og fjárauð kvenna.

VEYNDIR/BIG

Viðskiptalíf Fjárfestingafélagið Auður Capital tekur til starfa eftir áramót

# Einfaldlega viðskiptatækifæri

Halla Tómasdóttir og Kristín Pétursdóttir vinna nú hörðum höndum við undirbúning þess að setja á fót fyrsta fjármálafyrirtækið á Íslandi sem er stofnað af konum. Auður Capital hefur sótt um starfsleyfi til Fjármálaeftirlitsins og gerir ráð fyrir að hefja störf snemma á næsta ári. Auður mun veita sérhæfða fjármálaþjónustu þar sem konur verða settar í forgrunn.

AUÐBJÖRG ÓLAFSDÓTTIR  
audbjorg@vb.is

Höllu og Kristínu þarf ekki að kynna fyrir þeim sem hafa fylgst með íslensku viðskiptalífi undanfarin ár. Halla Tómasdóttir gegndi starfi framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs þar til nú í haust og Kristín var áður aðstoðarforstjóri Kaupping Singer & Friedlander. Nú hafa þessar þungavigtarkonur úr íslensku viðskiptalífi tekið saman höndum og hafa frá því í sumar unnið að því að gera athyglisverða viðskiptahugmynd að veruleika. Fljótlega eftir áramótin verður það, sem fyrir nokkrum mánuðum var sameiginleg framtíðarsýn þessara

stórhuga vinkvenna, að veruleika þegar fjármálafyrirtækið Auður Capital tekur til starfa.

Samstarf Höllu og Kristínar hefur vakið forvitni margra en þær litlu upplýsingar sem hingað til hafa fengið um Auði Capital virtust benda til þess að einhverskonar konubanki væri í smíðum. Viðskiptablaðið hittir þær Höllu og Kristínu og fékk að kynna Auði og komst meðal annars að því að Auður Kapital er ekki konubanki.

„Auður er ekki banki, heldur fjármálafyrirtæki sem sér viðskiptatækifæri í vaxandi auði kvenna og í því að beina ákveðinni fjármálaþjónustu til kvenna,“ segir Halla.

„Auður mun bjóða upp á fyrirtækjaráðgjöf og eignastýringu, en hvort tveggja eru þjónustubættir sem boðið er upp á af öðrum fjármálafyrirtækjum. Það er því ekki þjónustan sem slík sem er nýjung, heldur frekar hvernig hún verður veitt. Að auki mun Auður setja á stofn fagfjárfestingasjóð sem mun einbeita sér að langtímafjárfestingum í arðsömum fyrirtækjum þar sem við sjáum möguleika á því að leysa úr læðingi frekari tækifæri og verðmætaaukningu. Sér í lagi í fyrirtækjum sem eru í eigu kvenna eða undir stjórn þeirra,“ segir Kristín.

Hverjir eiga Auði?

„Auður er að meirihluta í eigu okkar Höllu og lykilstarfsmanna. Í eigendahópnum eru einnig vel valdir lykilstarfsstarfsmenn og litill hluti mun verða í dreifðri eignaraðild,“ segir Kristín.

„Sjálfsaflaféð er að aukast vegna herra menntunarstigs og vaxandi ábyrgðar kvenna í atvinnulífinu. Við teljum að þessi þróun þýði að konur muni í auknum mæli ráðstafa fjármunum

„Við erum óháð félag í eigu öflugra kvenna sem koma úr ölfuk- og átum íslensks viðskiptalífs. Auk okkar eru þær Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, Hildur Petersen, Katrín Pétursdóttir, Kristín Jóhannesdóttir og Svafa Grönfeldt

hluthafar í Auði. Fyrirtækið er vel fjármagnað, en fjárfestingargeta þess, kemur fyrst og fremst í gegnum fagfjárfestingasjóðinn.“

Viðskiptatækifærið Auður  
Hvaðan kemur þessi viðskiptahugmynd?

„Hugmyndin um að setja á fót fjármálafyrirtæki sem setur konur í forgrunn er til komin vegna þess að við sjáum einfaldlega viðskiptatækifæri í þeim samfélagslegu breytingum sem eru að eiga sér stað á stöðu kvenna,“ segir Kristín. Þar nefnir hún fyrst breytingar sem hafa átt sér stað á menntun kvenna. „Í dag eru konur í meirihluta þeirra sem útskrifast úr háskólanámi.“

Halla bætir við að hér á landi, líkt og víðast á vesturlöndum, séu um það bil tveir af hverjum þremur háskólanemum konur. „Mannauður kvenna hefur verið að aukast gríðarlega mikið undanfarin ár og þessi þróun mun bara koma til með að halda áfram,“ bendir Halla á.

„Samfara aukinni menntun hefur reynsla kvenna í atvinnulífinu verið að aukast á öllum sviðum og eru konur í auknum mæli ábyrgar fyrir rekstri af ýmsum toga en eru sjaldan eigendur,“ segir Kristín. „Við sjáum tækifæri í því að

gera fleiri konur að eigendum fyrirtækja,“ segir hún.

„Síðast en ekki síst er fjárauður kvenna að aukast,“ segir Halla. Niðurstöður nýlegra rannsókna í Bretlandi sýna að fjárauður breskra kvenna vex mjög hratt og að árið 2020 verði fleiri konur milljónamæringar þar í landi en karlar. Rannsóknin sýnir einnig að hátt í helmingur alls sparnaðar í Bretlandi í dag er í eigu kvenna. Þó svo að ekki séu til sambærilegar tölur fyrir Ísland, þá er ljóst að þróunin hér er sú sama, fjárauður kvenna er að aukast. Í þessari þróun sjáum við einmitt tækifæri fyrir Auði.“

Kristín útskýrir að þegar lítið sé til baka megi segja að fjárauður kvenna hafi gjarnan verið tilkomin vegna erfða og skilnaða, en þetta sé að breytast.

„Ástæða þess að auður kvenna vex jafn hratt og raun ber vitni er fyrst og fremst sú að sjálfsaflafé kvenna hefur verið að aukast. Sjálfsaflaféð er að aukast vegna herra menntunarstigs og vaxandi ábyrgðar kvenna í atvinnulífinu,“ segir Kristín. „Við teljum að þessi þróun þýði að konur muni í auknum mæli ráðstafa fjármunum og við sjáum viðskiptatækifæri í að beina fjárfestingatengdri þjónustu með markvissum hætti til kvenna.“

Viðskiptablaðið

Tuesday, 16 October 2007, p. 10

Viðskiptatækifærið felst í að virkja þennan auð kvenna betur en nú er verið að gera.

„Við vitum að fjárfestingar og tengd þjónusta er lykllinn að því að leysa úr læðingi efnahags- og samfélagslegar framfarir og því viljum við bjóða upp á slíka starfsemi,“ segir Halla.

„Það er staðreynd að sú þjónusta sem bankar veita á sviði fjárfestinga er mjög karllæg. Hún hefur verið búin til af körlum, fyrir karla og er í 99% tilvika veitt af körlum, sem þýðir að hún er sniðin að þörfum og áherslum karla. Það er ekki óeðlilegt að svo sé því karlar hafa hingað til verið virkari á þessum vettvangi. Við ætlum að bjóða upp á fjárfestingaþjónustu með annars konar áherslum og gildum og teljum að þannig megi höfða til nýrra og vaxandi hópa,“ segir Kristín.

„Það má í raun segja að við sjáum í aðra röndina vaxandi fjár- og mannaúð kvenna og í hina röndina fjármálaumhverfi sem ekki beinir sjónum sínum mikið í þessa átt. Auður ætlar að brúa þetta bil, þar liggur viðskiptatækifærið,“ bætir Halla við.

#### Þjónusta Auðar

*Hvernig verður starfsemi Auðar hattað?*

„Auður Capital er fyrsta fjármálaafyrirtækið sem getur konur í forgrunn. Við teljum að hingað til hafi ekki verið höft mikið til þeirra sem markhóps innan fjármálagæirans. Við ætlum að bjóða upp á þjónustupætti sem þegar eru til staðar í öðrum fjármálaafyrirtækjum en við munum gera það með annars konar nálgun. Þannig má kannski segja að við séum að róa á ný mið, með hefðbundin veiðarfæri en öðruvísi veiðiaðferðum,“ segir Kristín.

Hún bætir við að þeir þjónustupættir sem Auður komi til með að bjóða upp á séu fyrirtækjaráðgjöf og eignastýring, auk þess sem Auður muni reka sérstakan fagfjárfestastjóð.

„Auður Capital mun hins vegar ekki stunda lánstarfsemi, en mun geta veitt milligöngu um lánsfjár-

mögnun hjá samstarfsbönkum,“ segir Kristín.

„Rekstur fagfjárfestastjóða verður einn lykllítturinn í starfsemi Auðar. Markmiðið er að fyrsti sjóðurinn verði nokkrir milljarðar að stærð. Um áhrifafrjárfestingar verður að ræða en við munum fylgja fjárfestingum eftir; skipa okkar fulltrúa í stjórn og vinna náði með stjórnendum að uppbyggingu og vexti.

Fyrst um sinn munum við ekki horfa til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum heldur einbeita okkur

vörur þar sem lykllmarkhópurinn er konur. Konur taka beint eða óbeint um 80% af öllum kaupákvörðunum heimilanna og með þeirri aukningu sem er að verða á fjárauði kvenna, eru þær að verða sífellt verðmætari viðskiptavínahópur,“ segir Kristín.

Halla bætir við: „Við teljum að oft geti innlegg kvenna gert gæfumuninn í rekstri. Fjölmargar rannsóknir sýna að fyrirtæki eru arðsamari þegar konur eru meðal lykllstjórnendur. Ný og viðamikil rannsókn frá Finnlandi sýndi

einmitt fólgin í því að geta horft með öðrum augum á hlutina,“ bætir Halla við.

*Nú er þetta nokkuð róttæk hugmynd og fullvíst að einhverjum þyki stofnun fyrirtækisins líma-skekka?*

„Ég held að hugmyndin virki róttækari en hún er í raun og veru,“ segir Halla.

„Upplýst fólk, sem virkilega kynnis sér þær breytingar sem eru að eiga sér stað, áttar sig mjög fljótt á því að þarna er einfaldlega við-

**Við ætlum að bjóða upp á fjárfestingaþjónustu með annars konar áherslum og gildum. Það má í raun segja að við sjáum í aðra röndina vaxandi fjár- og mannaúð kvenna og í hina röndina fjármálaumhverfi sem ekki beinir sjónum sínum mikið í þessa átt. Auður ætlar að brúa þetta bil**

að hagnaðurinn er að meðaltali 10% meiri hjá fyrirtækjum sem hafa konur í toppstjórnarteyminu. Það eru einfaldlega góðir viðskiptahættir að nýta mannaúð kvenna til fulls.“

„Það má jafnvel velta því fyrir sér hvort ekki felst ákveðin viðskiptaleg áhætta í því að hafa ekki rödd og sjónarmið kvenna við stefnumarkandi ákvarðanir fyrirtækja,“ segir Kristín.

#### Hin róttæka Auður

*Parfekki mikinn kjark til að hrinda svona hugmynd í framkvæmd?*

„Sannleikurinn er sá að við einfaldlega trúum á þetta viðskiptatækifæri og við litum svo á við getum leyst úr læðingi fjárhagslegan og samfélagslegan ávinning,“ segir Kristín. „Okkur finnst þetta borðliggjandi viðskiptatækifæri og þess vegna urðum við að láta hugmyndina verða að veruleika. Það er nú oft þannig að bestu viðskiptatækifærin felast einmitt í því að feta ótroðnar slóðir og gera eitthvað sem enginn hefur gert áður.“

„Stærstu viðskiptatækifærin eru

skiptatækifæri. Við sjáum mikla möguleika bæði hérlendis en ekki síður á alþjóðlegum vettvangi og erum þegar komnar vel á veg með að skoða samstarf og fjárfestingakosti á öðrum mörkuðum,“ segir Kristín.

*Hvernig hafa viðbrögðin verið?*

„Viðbrögðin hafa verið gróðarlega góð. Þegar það spurðist fyrst út nú í sumar að við hygðumst setja á fót fjármálaafyrirtæki þá fengum við heilmikil viðbrögð úr ólíkum áttum. Að miklum meirihluta til voru þessi viðbrögð jákvæð en við mættum vissulega líka neikvæðum viðbrögðum og tortryggni þó að í litlum mæli væri,“ segir Halla. „Okkar reynsla er reyndar sú að allir sem raunverulega kynna sér hugmyndina kveikja á þerunni og átta sig á hvað þarna er gott viðskiptatækifæri á ferðinni.“

„Þá höfum við einnig fengið góð viðbrögð frá öðrum fjármálaafyrirtækjum og fagfjárfestum. Það eru margir aðilar sem hafa áhuga á samstarfi við okkur og vilja gjarnan vera með í fagfjárfestingastjóðunum enda sjá þeir að með okkur er

tækifæri til að fjárfesta í nýjum og fjölbreyttum fjárfestingakostum,“ segir Kristín.

„Það hafa gerst frábærir hlutir hér á landi hvað varðar umbreytingu viðskiptalífisins á undanförunum misserum og það hefur verið ótrúlegur vöxtur á öllum sviðum. En við verðum að setja eitthvað í þáttur fyrir framtíðina og það erum við að gera. Næsta vaxarskeið hlýtur að verða á miðum sem ekki hefur verið röð á áður. Við ætlum að einbeita okkur að fjárfestingum í fyrirtækjum sem hafa burði til að verða stór og öflug þegar til framtíðar er litið og við ætlum einfaldlega að leggja okkur fram um að svo verði með því að vera virkir fjárfestar sem byggja til framtíðar,“ segir Halla.

#### Auður fyrir konur og karla?

*Verða einhverjir karlar í starfsmanna- og viðskiptavinahópi Auðar?*

„Við höfum að sjálfsögðu farið þá leið okkar ráðningu að ráða hæfasta einstaklingum sem vól er á. Við höfum nú þegar sett saman öflugt átta manna lyklliteymi sem hvaða fjármálaafyrirtæki sem er myndi vilja hafa í sínum röðum,“ segir Halla.

„Það er ekki markmið Auðar að ráða bara konur,“ segir Kristín.

Halla útskýrir: „Það er ekki nóg að hafa tæknilega eða faglega færni og þekkingu til að vinna hjá Auði heldur þarf rétta viðhorfið og trú á viðskiptatækifærið einnig að vera til staðar. Við viljum fá öfluga karlmenn til liðs við okkur og ég vil nota tækifærið og óska sérstaklega eftir að heyrja frá áhugasömum og hæfum karlmönnum,“ segir hún og brosir.

„Karlmennt eru að sjálfsögðu einnig velkomnir til Auðar í viðskipti,“ segir Kristín. Ef karlmenn vilja kaupa okkar þjónustu vegna þess að þeim líkar okkar nálgun þá eru þeir miklu meira en velkomnir. Okkar viðhorf til fjármálaþjónustu er öðruvísi og öllum þeim sem hugnast þau viðhorf og nálgun eru velkomnir til Auðar,“ segir hún.



atvinnurekstri fyrr á þessu ári fyrir framúrskarandi frammistöðu í starfsíni sem framkvæmdastjóri VÍ.

Halla var lykllmanneskja í uppbyggingu Háskólans í Reykjavík. Hún stýrði stjórnendaskóla HR frá stofnun og gegndi stöðu framkvæmdastjóra verkefnisins Auður í krafti kvenna samhlíða því sem hún var lektor við viðskiptadeild skólans. Áður en Halla gekk til liðs við HR árið 1999 starfaði hún sem starfsmannastjóri Íslenska útvarpsfélagsins.

Á árunum 1994 til 1998 starfaði Halla í Bandaríkjunum sem mannaúðstjóri hjá MGM/Mars Inc. og Pepsi Cola.

Halla lauk Bsc. gráðu í viðskiptafræði frá Auburn háskóla og MBA gráðu í alþjóðlegum viðskiptum frá Thunderbird, Garvin Graduate School of International Management. Hún lagði stund á doktorsnámi í viðskiptafræðum í Cranfield háskólanum í Bretlandi frá haustinu 2004 en tók sér hlé á náminu þegar hún tók við starfi framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs.

Halla hefur setið í stjórnum fjölmargra fyrirtækja, meðal annars í stjórn Kauphallarinnar, Sjóvá, Calidris og Vistor. Hún er einnig varamaður í stjórn Seðlabankans.

**Kristín Pétursdóttir** fæddist í Noregi þann 9. nóvember 1965.

Kristín Pétursdóttir var aðstoðarstjóri hjá Kaupþing Singer & Friedlander í London til ársloka 2006. Singer & Friedlander er eins og kunnugt er eitt stærsta dótturfélag Kaupþings banka, en bankinn varð hluti af samstæðu Kaupþings árið 2005 þegar Kaupþing yfirtók breska bankann. Kristín Pétursdóttir hafði yfirumsjón með samþættingu Singer & Friedlander við Kaupþing banka. Það verkefni fólst m.a. í því að umbreyta gamaldags og róttgrónum breskum banka í nútímalegt fjármálaafyrirtæki sem hefur áunnið sér sess í Bretlandi sem banki frumkvöðla.

Kristín starfaði hjá Kaupþing banka frá árinu 1997 og var lykllmanneskja í uppbyggingu bankans frá því að vera lítið verðbréfaafyrirtæki í það að verða stór alþjóðlegur banki með starfsemi í 9 löndum. Á árunum 1999-

2005 var Kristín framkvæmdastjóri fjárfstýringar og sá alfarit um fjármögnun bankans.

Áður en Kristín hóf störf hjá Kaupþing vann hún hjá Statoil í Noregi, hjá Skeljungu og hjá Íslandsbanka.

Kristín er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og er með mastersgráðu í alþjóðaviðskiptum frá Handelshøyskolen í Bergen í Noregi.

Kristín sat í stjórn Kaupþings Singer & Friedlander og er stjórnarmaður í Vistor.

